

Versnandi samkeppnis- staða Íslands vegna skrifræðis og gjaldtöku

Yfirlit 2025

309.890 farþegar af 2,4 milljónum – 13%

160.491 eru skiptifarþegar sem fljúga til eða frá landinu og gista í landi fyrir eða eftir siglingu. Þeir fylla tæplega 900 fullar flugvélar. Þeir jafngilda þrettánda mánuðinum fyrir hótelin á höfuðborgarsvæðinu.

1175 skipakomur árið 2025 til 39 hafna og áfangastaða á Íslandi.

Efnahagsleg áhrif

Skýrsla Reykjavík Economics segir efnahagsleg áhrif vera um 37,2 m.kr

Skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála leiddi í ljós að meðaleyðsla farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík árið 2023 var 44.717 kr. á hvern farþega. En meðaleyðsla skiptifarþega var 97.626 kr. og að þeir gistu að meðaltali 2,15 nætur í landi.

Samanburður á skattaumhverfi

Ísland	Noregur	Færeyjar	Grænland
(International) 2.500 ISK per pax/day (cabotage operations) 400 ISK per pax/day	0	0	50 DKK per pax/port 20 DKK per pax/nature

Tímalína

- 2023 Afnám tollfrelsis áformað – frestað til 2025
- 2023 Gistináttaskattur á káetu 1000 ISK kynnt – innleitt 2024
- 2024 Innviðargjald áformað (2500 ISK og 400 ISK) – innleitt 2025
- 2024 Afnám tollfrelsis frestað til 2026
- 2025 Virðisauki af seldum ferðum í hringsiglingum innleiddur eftir meira en áratug án virðisauka í tengslum við tollfrelsi

Hvað er Cruise Iceland

Cruise Iceland eru hagsmunasamtök íslenskra hafna, ferðaþjónustuaðila, umboðsmanna skipafélaga og annarra sem hagsmuni hafa af komum skemmtiferðaskipa til Íslands. Saman vinna samtökin að upplýsingagjöf um skemmtiferðaskipa áfangastaðinn Ísland, til innlendra og erlendra hagsmunaaðila.



Áhrif

Tollfrelsi: Bætist við virðisauki á hringsiglingar til viðbótar við afnám tollfrelsis versnar samskeppnisstaða Íslands verulega og stjórnvöld munu þá aðeins hafa afrekað það að fækka áfangastöðum á Íslandi og fjölga þeim á Færeyjum og Skotlandi.

Innviðagjald: Fyrirliggjandi er 14% samdráttur í bókunum á landsvísi fyrir árið 2026. Enn meiri samdráttur má sjá í bókunum fyrir árið 2027, samkvæmt bókunarkúrfu Faxaflóahafna má áætla rúmlega 30% samdrátt á landsvísi. Cruise Iceland hefur tölur frá Reykjavík Economics sem áætla að nettó skaði fyrir ríkissjóð verði um 498 milljónir króna á ári miðað við 20% samdrátt í stað þess að skila jákvæðri niðurstöðu strax ef skynsamlegri leið verður valin við

álagningu innviðagjaldsins.

Ef samdrátturinn verður 30% er nettó tjón ríkissjóðs 1.698 milljónir króna.



Skip munu þurfa að sigla til Færeyja eða Skotlands til að ná tollfrelsi með tilheyrandi fækkun áfangastaða á Íslandi.

ICELAND Ísland

Í dag koma skemmtiferðaskip við á tæplega 40 áfangastöðum í kringum landið.

Hverju óskum við eftir í stuttu máli:

1) Tafarlausrar breytingar á lögum um innviðagjald, þannig að gjaldið verði þrepaskipt og miðist við hverja höfn í stað daggjalda. Stjórnvöld eru byrjuð að innheimta innviðargjald þrátt fyrir að engin fyrirheit hafi verið gefin um það að farþegar skemmtiferðaskipa verði ekki einnig rukkaðir um gjald á ferðamannastöðum.

2) Að öllum breytingum á virðisaukaskatti á farþegaflutninga með skemmtiferðaskipum verði frestað til 1. janúar 2026 að lágmarki, með það að leiðarljósi að tryggja fyrirsjáanleika. Þá minna undirrituð á að innanlandssiglingar ættu að flokkast sem farþegaflutningar og farmiðar því sérstaklega undanskildir virðisauka. Að auki má nefna hvílk mismunun felst í því að farþegaflutningar með sannanlega erlenda ferðamenn eigi að bera 11% virðisauka á farmiðum sem

kostar hundruð þúsunda. Ekki er hægt að bera farmiða á skemmtiferðaskipi saman við farmiða með rútu sem kostar örfá þúsund og því eðlilegt að skip á hringsiglingu um Ísland hafi ekki greitt virðisauka af seldum miðum frá því að ferðir hófust með lögum um tollfrelsi árið 2012."

Heildarútgjöld	Gisting	Veitingar	Afþreying	Samgöngur	Menning	Minjagripir	Verslun	Annað
 44.717	 10.575	 5.097	 19.293	 3.219	 979	 2.530	 2.587	 437
Heildarsvörðun								
 27.912	 0	 1.887	 20.171	 728	 554	 2.051	 2.047	 474
 78.462	 30.958	 11.754	 17.952	 8.361	 1.855	 3.520	 3.701	 361
 97.626	 41.271	 15.143	 17.971	 11.762	 2.474	 4.221	 4.364	 417
 29.010	 0	 4.720	 17.914	 1.218	 556	 2.046	 2.311	 245
Aðrir skiptifarþegar								

Eyðsla farþega í Reykjavík 2023

Meðaltals komufarþegi eyðir **27.912 kr.** í landi
Meðaltals skiptifarþegi eyðir **97.626 kr.** í landi



Cruise Iceland

cruiseiceland.com